

Reykjavíkurborg
annars vegar
og
Sjúkraliðafélag Íslands
hins vegar

gera með sér svofellt

samkomulag

um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. grein

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. júní 2011 til og með 30. apríl 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein

Laun

Mánaðarlaun starfsmanns sem gegnir fullu starfi, skulu greidd skv. meðfylgjandi launatöflum í fylgiskjali I.

Launatafla I, gildistími:	1. júní 2011 – 29. febrúar 2012
Launatafla II, gildistími:	1.mars 2012 – 28. febrúar 2013
Launatafla III, gildistími:	1.mars 2013 – 30. apríl 2014

Við samþykkt kjarasamningsins greiðist sérstök eingreiðsla kr. 50.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðum mars-maí.

Starfsmenn sem hófu störf á tímabilinu 1. mars til 31. maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfshlutfall og starfstíma. Sama gildir um þá sem létu af störfum á tímabilinu. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Greiðsla þessi skal innt af hendi eigi síðar en 1. október 2011.

Starfsmenn sem eru við störf þann 1. febrúar 2012 fá greidda sérstaka eingreiðslu, kr. 25.000,- miðað við fullt starf. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall 1. febrúar 2012.

3. grein

Röðun starfa

Grein 1.3. breytist og verður eftirfarandi:

1.3.1. Röðun starfa:

- B03 Sjúkraliði 1,
- B04 Sjúkraliði 2, hefur starfað a.m.k. í 1 ár
- B05 Sjúkraliði 3, hefur starfað a.m.k. í 3 ár
- B06 Sjúkraliði 4, starfar á dagdeild/sérdeild fyrir heilabílaða, og hefur starfað a.m.k. 3 ár
- B09 Sjúkraliði 5, hópstjóri
- B10 Sjúkraliði 6, með sérnám í hjúkrun aldraðra
- B10 Sjúkraliði 7, starfar við heimahjúkrun
- B11 Sjúkraliði 8, deildarstjóri / matsfulltrúi

Laun sjúkraliðanema, sem á verknámstíma starfa hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, skulu vera sem samsvarar tveimur launaflokkum lægri en laun byrjanda með full starfsréttindi.

4. gr.

Viðbótarmenntun

Gr. 1.3.5.2 breytist og verður þannig:

Hafi sjúkraliði lokið 1 árs sérnámi í hjúkrun aldraðra skal hann taka laun þremur launaflokkum ofar en ella. Þetta á þó ekki við starfsmann sem er grunnraðað í starfsheitið sjúkraliða 7.

5. gr.

Mat á starfsaldri

Við grein 1.3.6.1 bætist eftirfarandi ákvæði sbr. samþykkt samstarfsnefndar frá 14. febrúar 2008:

Við mat á starfsaldri skal einnig taka tillit til starfsreynslu í sambærilegum störfum á föstu mánaðarkaupi hjá öðrum sveitarfélögum, ríki og sjálfseignastofnunum sem reknar eru að meirihluta til af almanna fé enda liggi staðfesting fyrri vinnuveitanda

fyrir. Með sambærilegum störfum er átt við aðhlynningu og umönnun á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum, heilsugæslustöðvum og öðrum heilbrigðisstofnunum.

Starfsmaður fær starfsaldur hjá öðrum vinnuveitanda metinn frá og með næstu mánaðarmótum eftir að hann hefur lagt fram staðfest gögn um starfstíma sinn. Sama gildir um störf sjúkraliða á EES svæðinu.

6. grein

Um persónuuppbót í desember

Síðasta setning gr. 1.7.3 breytist og verður svohljóðandi:

Sama gildir þó starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur, og/eða í fæðingarorlofi í allt að 6 mánuði.

7. grein

Grein 2.6.2

Lokasetning í gr. 2.6.2 breytist og verður svohljóðandi:

Taki sjúkraliði vakt umfram vinnuskyldu, með minna en 24 klst fyrirvara á tímabilinu frá 17:00-24:00 á föstudögum, frá kl. 24:00-08:00 mánudaga til föstudaga, frá 00:00-24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga sbr. 2.1.4.2 miðað við 8 klst vakt, skal greiða aukalega 2 klst í yfirvinnu og hlutfallslega fyrir lengri eða styttri vaktir.

8. grein

Matar og kaffitímar í vaktavinnu

Grein 2.6.9 breytist og verður svohljóðandi:

Starfsmenn í vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- og kaffitíma. Starfsmönnum er þó heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína á vaktinni ef því verður við komið starfsins vegna. Vegna takmörkunar þeirrar sem að ofan greinir á matar- og kaffitímum, skal greiða 25 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hverja vakt óháð lengd vaktar.

9. grein

Desemberuppbót

Persónuuppbót á samningstímanum er eftirfarandi:

Á árinu 2011	kr. 54.000
Á árinu 2012	kr. 56.000
Á árinu 2013	kr. 58.000

10. grein

Orlofsuppbót

Orlofsuppbót á samningstímanum er eftirfarandi:

Á árinu 2011	kr. 26.900
Á árinu 2012	kr. 27.800
Á árinu 2013	kr. 28.700

11. grein

Greiðsla fæðisfjár

Grein 3.4.2. breytist og verður eftirfarandi:

3.4.2 Fæðispeningar

Starfsmenn sem hafa ekki aðgang að matstofu en ættu að hafa það skv. 3.4.1, skulu fá það bætt með fæðispeningum sem eru kr. 380 fyrir hvern vinnuskyldudag. Upphæð fæðispeninga breytist á þriggja mánaða fresti í samræmi við matar-og drykkjarvörulið vísitölu neysluverðs (01 matar- og drykkjavörur). Vísitala marsmánaðar 2011 er grunnvísitala (187,7)

Því aðeins skal þó greiða fæðispeninga að:

1. starfsmaðurinn hafi a.m.k. 20 klst. vinnuskyldu á viku
2. hann hafi aðeins hálfra klukkustundar matarhlé
3. hann fái ekki greidda ferðadagpeninga fyrir vinnudaginn.

Ný grein 3.4.3 bætist við kafla um matar og kaffitíma:

3.4.3 Starfsmaður á vakt þegar matstofa vinnustaðar er ekki opin og ekki hefur verið tekinn til matur fyrir starfsmann skal fá það bætt með fæðispeningum sem nema kr. 380 enda sé vinnuskylda starfsmanns a.m.k. 1 klst. fyrir og 1 klst. eftir umsamda matartíma á viðkomandi vakt sbr. tímasetningar matartíma í gr. 3.2.1. Um uppfærslu fer eftir vísitölu sbr. gr. 3.4.2. Þessi grein tekur gildi 1. mars 2012.

12. grein

Tryggingar

Kafli 7 breytist og hljóðar svo með uppreiknuðum upphæðum í samræmi við vísitölu:

7. kafli Tryggingar

7.1 Starfsmenn skulu slysaftryggðir allan sólarhringinn fyrir dauða eða vegna varanlegrar örorku. Um trygginguna gilda mismunandi bótafjárhæðir og tryggingaskilmálar eftir því hvort starfsmaður verður fyrir slysi í starfi eða utan starfs, sbr. Samkomulag milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Launanevndar sveitarfélaga annars vegar og Bandalags háskólamanna, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kennarasambands Íslands f.h. aðildarfélaga sinna frá 22. desember 2004 og viðbótarsamkomulag sömu aðila frá 20. október 2005. Um skilmála trygginga þessara gilda sérstakar reglur nr. sl. 1/90 og nr. sl.-2/90 samþykktar af borgarráði þann 5. júní 1990.

Dánarslysabætur eru:

1. Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn undir 18 ára aldri og hefur ekki séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

vegna slyss utan starfs	831.245 kr.
vegna slyss í starfi	831.245 kr.

Rétthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.

2. Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

vegna slyss utan starfs	2.546.294 kr.
vegna slyss í starfi	6.086.715 kr.

Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur 1/3 hluti bóta til foreldra en 2/3 hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.

3. Ef hinn látni var í hjúskap eða í sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar og sem staðið hefur a.m.k. í 2 ár samfellt fyrir andlát hans, skulu bætur til maka eða sambúðaraðila vera:

vegna slyss utan starfs	3.483.290 kr.
vegna slyss í starfi	9.933.212 kr.

Rétthafi dánarbóta þessara er viðkomandi maki eða sambúðaraðili

4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn undir 18 ára aldri, til hvers barns:

vegna slyss utan starfs	831.245 kr.
vegna slyss í starfi	1.986.414 kr.

Stundi barn hins látna á aldrinum 18-25 ára nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi í a.m.k. sex mánuði ársins er hinn tryggði andast, á það sama rétt til bóta.

Rétthafar dánarbóta þessara eru viðkomandi börn. Bætur greiðast til fjárhaldsmanns ófjárráða barns.

5. Með börnum í 2. og 4. tölulið er átt við kynbörn, kjörbörn, stjúpborn, börn sambúðaraðila og fósturbörn, sem hinn látni var framfærsluskyldur við sbr. 53. gr. barnalaga nr. 76/2003.
6. Bætur greiðast aðeins skv. einum af töluliðum 1, 2 eða 3. Til viðbótar við bætur skv. 2. og 3. tölulið geta komið bætur skv. 4. tölulið.

Tryggingarfjárhæðir vegna varanlegrar örorku eru:

vegna slyss utan starfs 6.695.850 kr.

vegna slyss í starfi 17.665.648 kr.

Bætur greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðirnar, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% vegur tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% vegur þrefalt.

7.2 Endurskoðun tryggingarfjárhæðar

Framangreindar tryggingarfjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs í apríl 2011, 374,1 stig.

13. grein **Fatapeningar**

Við kafla 8 bætist ný grein 8.1.5

8.1.5 Fatapeningar

Á heilbrigðisstofnunum og heimilum fatlaðs fólks (áður sambýlum) þar sem þess er krafist að starfsmaður noti eigin fatnað í stað einkennis- eða vinnufatnaðar skv. gr. 8.1.1, er vinnuveitanda í stað þess heimilt að greiða starfsmanni sérstaka fatapeninga að upphæð kr. 3.800 á mánuði miðað við fullt starf. Upphæðin tekur breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við vísitölu neysluverðs. Vísitala maímánaðar 2011 er grunnvísitala (377,6 stig).

14. grein **Tæknifrjógungun**

Við 12. kafla bætist ný grein um tæknifrjógungun gr. 12.9

12. 9 Tæknifrjógungun

Þeir starfsmenn sem þurfa að vera fjarverandi vegna tæknifrjógungunar halda rétti til greiðslu dagvinnulauna og eftir atvikum vaktaálags skv. reglubundinni vaktskrá (eins og vegna veikinda barns) í allt að 15 vinnudaga vegna aðgerðarinnar. Starfsmaður skal skila vottorði frá viðkomandi lækni um aðgerðina.

15. grein

Nýr skýringartexti um Virk- Starfsendurhæfingarsjóð

Í lok 12. kafla bætist nýr skýringartexti um Virk- Starfsendurhæfingarsjóð

VIRK- Starfsendurhæfingarsjóður

Reykjavíkurborg greiðir sérstakt gjald í VIRK-Starfsendurhæfingarsjóð. Hlutverk VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna langvarandi veikinda eða slysa. Áhersla er lögð á að koma snemma að málum og viðhalda vinnusambandi einstaklinga með virkni og öðrum úrræðum. Einstaklingar sem ekki geta sinnt starfi sínu sökum heilsubreysts og stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði eiga rétt á þjónustu ráðgjafa VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs. Um er að ræða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem er starfsmönnum að kostnaðarlausu og er miðuð við metnar þarfir hvers og eins.

16. grein

Fjölskyldu- og styrktarsjóður

Grein 14.4.1 breytist og verður svohljóðandi:

14.4.1 Iðgjald launagreiðanda skal nema 0,75% af heildarlaunum þeirra starfsmanna hlutaðeigandi launagreiðanda sem falla undir samkomulag þetta. Iðgjaldið skal greitt mánaðarlega eftir á skv. útreikningi launagreiðanda.

17. grein

Virk-Starfsendurhæfingarsjóður

Ný grein bætist við 16. kafla kjarasamning og verður eftirfarandi:

16.5 Virk-Starfsendurhæfingarsjóður

Reykjavíkurborg greiðir iðgjald í Virk-Starfsendurhæfingarsjóð. Iðgjaldið skal nema 0,13% af heildarlaunum félagsmanna.

18. grein

Samningsforsendur og gildistími

Í kafla 17 kemur ný grein um samningsforsendur, grein 17.1 og ný grein um gildistíma grein 17.2:

17.1 Samningsforsendur

Samningsaðilar eru sammála um að verði kjarasamningar á almennum vinnumarkaði lausir eða komi til efnislegra breytinga á þeim á gildistíma þessa samnings, verði sameiginleg forsendunefnd kölluð saman. Forsendunefnd skal skipuð fulltrúum ASÍ, BSRB, BHM og KÍ, einum frá hverju bandalagi og fjórum fulltrúum Reykjavíkurborgar. Nefndin hefur það hlutverk að meta breytingar á forsendum og reyna til hins ýtrasta að ná samkomulagi um viðbrögð við þeim. Aðilar samnings þessa munu fara sameiginlega yfir niðurstöður forsendunefndar.

Ef útséð er um að nefndin nái samkomulagi um viðbrögð, getur hvor aðili um sig sagt samningnum lausum. Aðilar þessa samnings munu fara saman yfir niðurstöðu forsendunefndar.

17.2 Gildistími

Samningur þessu gildir frá 1. júní 2011 til og með 30. apríl 2014 og rennur þá út án frekari fyrirvara.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp á lögformlegan hátt fyrir 7. september 2011. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 15:00 þann 8. september 2011 skoðast samningurinn samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn stéttarfélagsins um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá Reykjavíkurborg.

Reykjavík 30. ágúst 2011

F.h. Reykjavíkurborgar,

með fyrirvara um samþykki borgarráðs

F.h. Sjúkraliðafélags Íslands

með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Bókanir

Bókun 1 Hæfnismat

Samningsaðilar eru sammála um að Mannauðsskrifstofa vinni greinargerð fyrir samstarfsnefnd um hæfnismat og kynhlutlaus hæfnismatskerfi. Að því loknu skal samstarfsnefnd skipa fulltrúa í starfshóp sem leggi mat á hvaða kynhlutlausa hæfnismatskerfi henti starfsemi Reykjavíkurborgar best. Vinnu þessari skal lokið fyrir 1. desember 2012.

Bókun 2 Útgáfa kjarasamnings

Samningsaðilar eru sammála um að vinna sameiginlega að útgáfu heildartexta nýs kjarasamnings. Þeirri vinnu skal lokið fyrir 1. desember 2011.

Bókun 3 Leiðbeinandi reglur til stjórnenda

Reykjavíkurborg mun senda stjórnendum leiðbeiningar um viðeigandi viðbrögð þegar upp koma óviðráðanlegar aðstæður vegna brýnna fjölskylduaðstæðna hjá starfsmönnum, svo sem vegna veikinda og/eða andláts.

Leitað verður umsagnar samstarfsnefndar áður en leiðbeiningarnar verða kynntar í nefndinni.

Bókun 4 Slysatryggingar

Aðilar eru sammála um að tilefni sé til að bæta og tryggja rétt þeirra starfsmanna sem slasast við að sinna eða hafa afskipti af fólki sem að takmörkuðu eða engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum. Hluti af starfsskyldum þessara starfsmanna getur falist í því að grípa inn í erfiðar aðstæður þar sem slíkt verður ekki gert án þess að viðkomandi starfsmaður setji sjálfan sig í ákveðna hættu á því að slasast við framkvæmd starfs síns.

Rétt þykir að tryggja rétt þessara starfsmanna vegna þess tjóns sem þeir þannig geta orðið fyrir. Aðilar eru sammála um að hefðbundin skilgreining á því hvað sé slys í skilningi vátryggingaréttar og tryggingaskilmála (óvæntur utanaðkomandi atburður) eigi ekki við í öllum tilfellum í störfum ofangreindra starfsmanna.

Reykjavíkurborg mun skoða með hvaða hætti hægt er að uppfylla ofangreind markmið og mun leggja fram tillögur í samstarfsnefnd fyrir 1. nóvember 2011 þar að lútandi.

Bókun 5 Heilsuvernd og heilsuefling

Reykjavíkurborg vill stuðla að heilbrigði starfsmanna sinna með góðu vinnuumhverfi. Það eru sameiginlegir hagsmunir Reykjavíkurborgar og starfsmanna hennar að vellíðan og heilbrigði starfsmanna sé haft að leiðarljósi, sbr. starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar. Starfsmenn bera

ábyrgð á að leggja rækt við eigin heilsu og Reykjavíkurborg styður starfsmenn í þeirri viðleitni með ýmsum hætti s.s. með líkamsræktarstyrkjum og ókeypis aðgangi í sund.

Bókun 6

Vaktavinna og vinnutími

Reykjavíkurborg mun fylgjast með og eftir atvikum taka þátt í viðræðum aðila vinnumarkaðarins um vaktavinnuáætlun og mögulega styttingu vinnuvikunnar.

Eldri bókanir sem halda gildi sínu:
Frá 2008:

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að bæta upplýsingagjöf um grunnröðun og viðbótarlaunaflokka og mun Reykjavíkurborg afhenda stéttarfélaginu árlega sundurliðað yfirlit, miðað við 1. mars ár hvert. Þá mun stéttarfélagið afhenda upplýsingar um úthlutun styrkja úr starfsþróunarsjóði og starfsmenntunarsjóði til sjúkraliða hjá Reykjavíkurborg ár hvert.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um að ræða á samningstímanum framtíðarsýn á fyrirkomulagi endurmenntunar og starfsþróunar sjúkraliða hjá Reykjavíkurborg, skipa stjórn starfsþróunarsjóðs og setja honum starfsreglur. Þá munu aðilar fylgjast með og taka eftir atvikum þátt í viðræðum á breiðari grundvelli um starfsþróunarmál opinberra starfsmanna og mögulega aukna samvinnu og samstarf um starfsþróun á vinnumarkaðnum.

Frá 2005:

Bókun 3

Á samningstímanum munu aðilar ræða saman um framtíðarsýn á fyrirkomulagi endur- og símenntunar, bæði hvað varðar fjármögnun og veitingu leyfa. Í þessu samhengi hafa aðilar orðið sammála um að efla starfsþróun og símenntun starfsmanna með sérstöku viðbótarframlagi, 0,3% af heildarlaunum, sem hlutaðeigandi svið ráðstafa í samráði við SLFÍ.

Bókun 4

Með hugtakinu verknámstími, sbr. gr. 1.3.1 í gildandi kjarasamningi, er átt við 16 vikna starfsþjálfun.

Bókun 5

Bókun um réttindi trúnaðarmanna helst óbreytt, sbr. bókun 5 með kjarasamningi aðila dags. 22. nóvember 2001.

Aðrar bókanir falla úr gildi.

SJÚKRALIÐAFÉLAG ÍSLANDS**Gildir frá 1. júní 2011**

þrep	1	2	3
Lfl.	<35 ára	35 ára	40 ára
B01	227.397	230.412	233.470
B02	228.823	231.858	234.936
B03	230.258	233.314	236.412
B04	231.703	234.779	237.898
B05	233.157	236.253	239.393
B06	234.621	237.738	240.898
B07	236.095	239.232	242.414
B08	237.582	240.741	243.943
B09	243.897	247.144	250.436
B10	250.291	253.627	257.009
B11	256.873	260.301	263.778
B12	263.656	267.179	270.752
B13	270.642	274.263	277.935
B14	277.841	281.562	285.336
B15	285.259	289.084	292.963
B16	292.898	296.936	301.093
B17	301.056	305.271	309.545
B18	309.510	313.843	318.237
B19	318.222	322.677	327.195
B20	327.130	331.709	336.353
B21	336.305	341.013	345.787
B22	345.721	350.561	355.469
B23	355.401	360.377	365.422
B24	365.352	370.467	375.654
B25	375.582	380.841	386.172
B26	386.099	391.504	396.985
B27	396.909	402.466	408.101
B28	408.023	413.735	419.528
B29	419.448	425.320	431.274
B30	431.192	437.229	443.350

SJÚKRALIÐAFÉLAG ÍSLANDS**Gildir frá 1. mars 2012**

þrep	1	2	3
Lfl.	<35 ára	35 ára	40 ára
B01	238.397	241.412	244.470
B02	239.823	242.858	245.936
B03	241.258	244.314	247.412
B04	242.703	245.779	248.898
B05	244.157	247.253	250.393
B06	245.621	248.738	251.898
B07	247.095	250.232	253.414
B08	248.582	251.741	254.943
B09	254.897	258.144	261.436
B10	261.291	264.627	268.009
B11	267.873	271.301	274.778
B12	274.656	278.179	281.752
B13	281.642	285.263	288.935
B14	288.841	292.562	296.336
B15	296.259	300.084	303.963
B16	303.898	307.936	312.093
B17	312.056	316.271	320.545
B18	320.510	324.843	329.375
B19	329.360	333.971	338.647
B20	338.579	343.319	348.126
B21	348.075	352.948	357.890
B22	357.821	362.831	367.910
B23	367.840	372.990	378.212
B24	378.140	383.434	388.802
B25	388.728	394.170	399.688
B26	399.612	405.207	410.880
B27	410.801	416.552	422.384
B28	422.304	428.216	434.211
B29	434.128	440.206	446.369
B30	446.284	452.532	458.867

SJÚKRALIÐAFÉLAG ÍSLANDS**Gildir frá 1. mars 2013**

þrep	1	2	3
Lfl.	<35 ára	35 ára	40 ára
B01	249.397	252.412	255.470
B02	250.823	253.858	256.936
B03	252.258	255.314	258.412
B04	253.703	256.779	259.898
B05	255.157	258.253	261.393
B06	256.621	259.738	262.898
B07	258.095	261.232	264.414
B08	259.582	262.741	265.943
B09	265.897	269.144	272.436
B10	272.291	275.627	279.009
B11	278.873	282.301	285.778
B12	285.656	289.179	292.752
B13	292.642	296.263	299.935
B14	299.841	303.562	307.336
B15	307.259	311.084	314.963
B16	314.898	318.936	323.093
B17	323.056	327.271	331.545
B18	331.510	335.843	340.375
B19	340.360	344.971	349.653
B20	349.583	354.477	359.440
B21	359.388	364.419	369.521
B22	369.450	374.623	379.868
B23	379.795	385.112	390.504
B24	390.429	395.895	401.438
B25	401.361	406.980	412.678
B26	412.600	418.376	424.233
B27	424.152	430.090	436.112
B28	436.029	442.133	448.323
B29	448.237	454.513	460.876
B30	460.788	467.239	473.780